



Erfiðlega gengur að manna störf víða um heim í kjölfar faraldursins

Skrýtin staða hefur komið upp sums staðar í heiminum þegar efnahagslífið er óðum að nálgast fyrra horf eftir veirufaraldurinn. Mörg svæði upplifa þannig skort á vinnuafli og það gengur illa að manna þau störf sem verða nú til vegna aukinnar eftirspurnar. Á sama tíma er atvinnuleysi víða mikið og umræða hefur sprottið upp um meint áhugaleysi á vissum störfum.

Í Bandaríkjunum eru nú um 8 milljón laus störf sem erfitt virðist að fá fólk í. Í Ástralíu eru laus störf um 40% fleiri nú en áður en faraldurinn skall á. Þetta vandamál er einnig farið að birtast með skýrari hætti í löndum eins og Þýskalandi og Sviss. Þá hefur umræða um áhugaleysi á störfum einnig verið áberandi hér á landi á síðustu vikum.


Spurning um laun

Það er því víða um að ræða umframeftirspurn eftir vinnuafli og slíkt leiðir oft til þess að laun hækka meira en ella. Í Bandaríkjunum hefur launahækkunartaktur verið um 3% að undanfögnu sem telst mikið þar í landi. Einhverjir fagna eflaust hækkun launa, en aðrir hafa áhyggjur á því að miklar launahækkanir skapi þenslu og auki verðbólgu og óstöðugleika.

Láglaunastörf


Væntanlega snýst þessi staða um lægsta hlutann af launastiganum. Hér á landi hefur umræðan undanfarið snúist um störf í ferðaþjónustu og í öðrum löndum er t.d. um að ræða greinar eins og veitingahúsarekstur, sem er óðum að taka við sér þessar vikurnar. Margir hafa bent á samhengi á milli lágra launa og atvinnuleysisbóta sem eru lítið lægri en lágmarkslaun. Þannig hefur verið bent á að atvinnuleysisbætur og greiðslur til heimila í Bandaríkjunum á síðasta ári hafi valdið því að ráðstöfunartekjur sumra heimila hafi aukist við faraldur og atvinnuleysi.

Skráð atvinnuleysi, ársmeðaltöl



Heimild: Vinnuálastofnun

Fjöldi starfa



Heimild: Hagstofa Íslands



Sóun á hæfileikum

Ætla má að um 30 milljón færri séu nú í starfi í ríkari hluta heimsins en var fyrir faraldurinn.¹ Slíku ástandi fylgir mikil sóun, ekki bara í töpuðum launatekjum, heldur líka í versnandi heilsu, minnkandi hæfileikum og reisu vinnuafslins. Ekki er þó hægt að útiloka að hræðsla fólks við faraldurinn skýri einhvern hluta af þessu ástandi. Sé svo má ætla að áhugi á störfum muni aukast eftir því sem fleiri verða bólusettir og hægir á faraldrinum.

Innflutningur á fólki

Mörg lönd hafa lokað nær algerlega á tilflutning fólks vegna faraldursins. Sum lönd og sumar atvinnugreinar eru mjög háð innfluttu vinnuafli og því skiptir víða miklu að losa um hömlur á tilflutningi fólks til þess að fjölga starfandi fólki.


Misjafnt vægi atvinnuleysisbóta

Margir benda á rausnarlegar atvinnuleysisbætur sem rót vandans. Samkvæmt Hagstofu Íslands voru heildarlaun verkafólks um kr. 573 þús.kr. að meðaltali á mánuði 2019. Samkvæmt framreikningi má ætla að þau séu um 670 þús. kr. að meðaltali nú á miðju ári 2021.


Venjulegar atvinnuleysisbætur eru um kr. 307 þús. kr. á mánuði, eða u.þ.b. 55% af heildarlaunum. Hámarksfjárhæð tekjutengdra atvinnuleysisbóta eru um 473 þús. kr. á mánuði, eða um 70% af heildarlaunum. Hlutfallið fyrir herra launaða er auðvitað mun lægra. Hér er þó einungis um grófar áætlanir að ræða þar sem aðrir þættir eins og fjöldi barna hefur áhrif á upphæð bóta og tekjutenging bóta er einungis tímabundin.

Svipuð staða í mörgum löndum


Sé litið á alþjóðlegan samanburð virðist staðan vera sú meðal ríkari þjóða að atvinnuleysisbætur séu 55-70% af algengum launum. Einstaklingur sem er atvinnulaus í Danmörku fær 83% af launum eftir 6 mánaða atvinnuleysi samkvæmt tölum frá OECD. Staðan hér og í Noregi er svipuð, tæplega 70%. Opinber tala fyrir Bandaríkin er einungis 7%, en



Atvinnuleysisbætur sem hlutfall af heildarlaunum verkafólks



Hlutfall atvinnuleysisbóta eftir 6 mánuði. Laun einstaklings með 67% meðallauna 2020



¹ The Economist, 22. maí 2021



ljóst er að á síðasta ári var farið langt fram úr þeirri tölu.

Erfið umræða

Umræðan hér á landi um lítinn áhuga atvinnulausra að taka störfum hefur verið nokkuð þung. Dæmin hér að framan sýna að tekjutap vegna atvinnuleysis er verulegt, jafnvel fyrir fólk í neðri hluta launastigans. Það er því ekki líklegt að atvinnuleysisbætur aftri því að fólk taki störfum sem bjóðast og að aðrar skýringar séu líklegri, t.d. að fólk treysti því ekki að faraldrinum sé lokið.

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.